

Árneshreppur
b/t Þórður Már Sigfússon
Norðurfirði
524 Árneshreppur

Reykjavík 7. maí 2019
UST201904-210/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Árneshrepps 2005 – 2025 og nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Dranga í Árneshreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árneshrepps er barst 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Dranga í Árneshreppi.

Í greinargerð kemur fram að skipulagið tekur afmörkunar á 14 byggingarreitum undir frístundahús innan ákveðins svæði nálægt Drangabænum. Auk þess kemur fram að svæðið er samkvæmt aðalskipulagi skilgreint sem frístundabyggð FS6 og breytingin gengur út á að bæta við skilmálum um uppbyggingu 14 frístundahúsa á um 10 ha svæði.

Í greinargerð kemur fram að hlunnindi þau sem fylgja Drangalandi hafa þó ávallt verið nýtt; s.s. dúnn, rekaviður, sel- og fiskveiði, berjaland. Auk þess kemur fram að markmið verkefnisins er að landeigendur og afkomendur þeirra geti dvalið á Dröngum í sátt við og með virðingu fyrir náttúrunni, arfleið og menningu og nytjað hlunnindi á sjálfbæran hátt.

Selur

Umhverfisstofnun bendir á að á skipulagssvæðinu er selalátur, en selalátur eru svæði við ströndina þar sem selir kæpa, sinna kópauppeldi, hafa feldskipti og leita hvíldar. Þau eru mikilvæg fyrir verndun og viðgang tegundarinnar, enda halda selir tryggð við sömu látrin ár eftir ár.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að selir eru skráðir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu. Umhverfisstofnun telur uppbygging frístundabyggðarinnar geti haft neikvæð áhrif á selalátrin og því mjög mikilvægt að tillagan sé með hætti að hún hafi sem minnst áhrif á búsvæði selanna og truflun sé haldið í algjöru lágmarki.

Veitur

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Stofnunin bendir einnig á mikilvægi þess að tillagan sýni fram á hvernig öflun neysluvatns verður fyrir svæðið og tillagan sé í samræmi við reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Úrgangur

Umhverfisstofnun vill benda mikilvægi þess að tillagan taki mið af landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024 og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni eru sett fram tímasett markmið sem öll miða að því að bæta nýtingu auðlinda og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur á umhverfið og heilsu manna. Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt 9. gr laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs segir að allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort beint til endurnýtingar eða í söfnunar- eða móttökustöð, og þaðan til endurnýtingar eða förgunar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga.

Vélknúin ökutæki – vegir

Í greinargerð kemur fram að engir vegir liggja að Dröngum og einungis er hægt að ferðast þangað fótgangandi, riðandi eða siglandi. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir umferð vélknúinna ökutækja innan skipulagssvæðisins er nauðsynlegt að akvegir séu skilgreindir og að settir séu fram skilmálar varðandi vélknúin ökutæki, enda akstur utan skilgreindra vega óheimill, sbr. þó 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hafnarmannvirki

Í greinargerð kemur fram að markmiðið er að bæta aðgengi að bænum með því að bæta lendingaraðstöðu og hafnarmannvirki. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að umfang hafnarmannvirkja komi fram með skýrum hætti í tillögunni.


Afmörkun deiliskipulags

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagssvæðið sé afmarkað á deiliskipulagsupprætti.

Kría

Í greinargerð kemur fram að gríðarmikið kríuvarp er í túninu við Dranga. Umhverfisstofnun bendir á að kría (*sterna pardisaea*) flokkuð sem tegund í nokkurri hættu á nýjum valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) og er því mikilvægt að forðast allt rask á búsvæði hennar. Auk þess bendir stofnunin á að kría er forgangstengund fugla samkvæmt Bernarsamningnum og ábyrgðartegund Íslands. Umhverfisstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að búsvæðum ábyrgðartegunda verði ekki raskað.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdir í samræmi við skipulag verði utan varptíma.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur